



ÍSAN1BB05

Fjölbautaskóli Suðurlands
Vorönn 2025

Íslenska sem annað mál - taláfangi

Kennari: **Sigþrúður Harðardóttir**

Áfangalýsing:

Áfanginn er ætlaður nemendum sem lokið hafa einni önn í íslensku sem öðru máli eða hafa grunnþekkingu sem metin er jafngild einni námsönn. Markmiðið er að ná góðu valdi á framburði og hrynjandi í íslensku máli, að skilja stutta einfalda texta, að læra að beygja algeng sagnorð og auka orðaforða.

Undanfari: ÍSAN1AA05

Pekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- ✓ þeim orðaforða sem er nauðsynlegur til að ná markmiðum áfangans og hæfniviðmiðum þrepsins
- ✓ réttum framburði, áherslum og hrynjandi
- ✓ mismunandi tjáningarmáta málsins

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- ✓ beita orðaforða sem hann ræður yfir
- ✓ lesa einfaldan texta, greina aðalatriði hans og geta tjáð sig um hann
- ✓ beygja algengar sagnir í töluðu máli

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- ✓ beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum
- ✓ tjá skoðun sína
- ✓ miðla eigin þekkingu, skoðunum og tilfinningum

Námsefni

- ✓ *Íslenska – tölmum saman.* Kennslubók fyrir byrjendur. Er á vef mms.is.

- ✓ Orðaspjöld, spil, samtalsspjöld, gagnvirkt efni, hlustunaræfingar, sjónvarpsþættir, kvíkmyndir, skáldsaga (léttlestur), dagbók, ljósritað efni, netefni o.fl.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og matsverkefni
15. janúar - 7. febrúar	<ul style="list-style-type: none"> Skólinn og atvinna (kennslubók) Ferðalög, frí, veður, náttúra <p>Unnið er jöfnum höndum með orðaspjöld, samtalsspjöld, spil, netefni og sjónvarpsþætti. Framburðaræfingar og upplestur. Sagnorð.</p>	Ritunarverkefni (ferðaáætlun) Munnleg kynning Hlustunarverkefni Áhorfsverkefni
10. febrúar - 7. mars	<ul style="list-style-type: none"> Líkaminn og heilsan (kennslubók) Íþróttir og hreyfing <p>Unnið er jöfnum höndum með orðaspjöld, samtalsspjöld, spil, netefni og sjónvarpsþætti. Framburðaræfingar og upplestur.</p>	Munnlegt próf Hlustunarverkefni Skáldsaga Ritunarverkefni
10. mars – 11. apríl	<ul style="list-style-type: none"> Heimili og umhverfi (kennslubók) Heimilisstörf, húsbúnaður og tæki <p>Unnið er jöfnum höndum með orðaspjöld, samtalsspjöld, spil, netefni og sjónvarpsþætti. Framburðaræfingar og upplestur.</p>	Ritunarverkefni Munnleg kynning (valverkefni) Hlustunarverkefni Skáldsaga Skrifa dagbók og lesa upp.
22. apríl - 15. maí	<ul style="list-style-type: none"> Lokaverkefni <p>Nemendur vinna lokaverkefni um sjálfvalið viðfangsefni. Skrifleg skil og munnleg kynning fyrir samnemendur.</p>	Ritunarverkefni og munnleg kynning Munnlegt próf Hlustunarverkefni Áhorfsverkefni

Sérreglur áfangans:

Þar sem áfanginn byggir á kennslu í talmáli er ætlast til að nemendur taki virkan þátt í samræðum í kennslustundum. Einnig ber að skila ritunarverkefnum og flytja munnlegar kynningar á þeim.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Hlustun og áhorf	Hlustunarverkefni og verkefni úr sjónvarpsefni	20%
Ritun og tjáning/kynning	Ritunarverkefni og munnlegur flutningur	20%
Virkni og þátttaka	Þáttaka í samræðum, samvinna og virkni í kennslustundum	20%
Munnleg próf	Tvö munnlega próf á önninni	20%
Munnlegar kynningar	Tvær munnlegar kynningar á önninni	20%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Í janúar 2025

Sigþrúður Harðardóttir